

Flateyri, 19. mars 2019

Góðan dag!

Ásta, Helgi, Mekkín, Ójón og Viktor heitum við og saman erum við Listahópurinn Kútur. Í vetur höfum við stundað nám við hugmyndabraut Lýðháskólans á Flateyri og hefur það verið afar lærdómsríkt. Við höfum ræktað áhugasvið okkar en einnig tekist á við nýjar áskoranir og uppgötvað leynda hæfileika.

Lýðháskólinn og samfélagið sjálft á Flateyri hefur gefið okkur svo ótrúlega margt á svo mörgum sviðum og okkur langar til að lengja dvöl okkar hér á þessum yndislega stað. Það væri draumur að taka allt það sem við höfum lært í vetur og gefa af okkur til samfélagsins með því að starfa sem listahópur hjá Ísafjarðarbæ í sumar. Eftir þetta góða ár hér fyrir vestan erum við full af innblæstri og góðum hugmyndum sem við vitum að myndu glæða bæinn lífi og gleðja fólkið á svæðinu. Við viljum halda listatengda viðburði, svo sem ljósmyndasýningar, tónleika, götumarkað og vinnustofur (e. workshops). Sjálf höfum við haldið mynd- og hljóðlistarsýningar í vetur, sem og ljósmyndasýningu. Sú síðastnefnda var haldin í Gallery Úthverfu á Ísafirði við afar góðar viðtökur.

Við leitum til ykkar hjá Ísafjarðarbæ, því þið getið látið draum okkar verða að veruleika. Í Ísafjarðarbæ ríkir mikil menningarhefð og því teljum að það sé góður grundvöllur fyrir okkar fjölbreytta liststarf þar sem allir njóta góðs af.

Það væri gaman að funda með ykkur um mögulegt samstarf þar sem við gætum kynnt enn frekar þær hugmyndir sem við höfum fyrir sumarið og einnig sýnt ykkur brot af þeirri listsköpun sem við höfum upp á að bjóða. Hér fyrir neðan eru stuttar lýsingar á hverjum meðlimi Listahópsins Kúts.

Það væri heiður að starfa sem listahópur Ísafjarðarbæjar í sumar.

Bestu kveðjur,

Listahópurinn Kútur

Ásta Kristín Pjetursdóttir

Helgi Rúnar Bergsson

Mekkín Guðmundsdóttir

Ójón Óskar Arason

Viktor Páll Magnússon

LISTAHÓPURINN KÚTUR

Ásta heiti ég og er tuttugu og þriggja ára gamall Reykvíkingur. Þriggja ára gömul byrjaði ég að spila á víólu og kláraði núna seinasta vor BA-próf í víóluleik frá Konunglega danska konservatoríinu í Kaupmannahöfn. Ég spila líka á píanó og gítar, syng og sem mín eigin lög og texta. Í næsta mánuði mun ég taka þátt í Músíktílaunum sem fram fara í Hörpu. Lýðháskólinn á Flateyri hefur hjálpað mér að sjá hlutina í nýju ljósi og leyft mér að rækta fleiri áhugasvið hjá mér, svo sem ritlist, myndlist og ljósmyndun.

Helgi Rúnar heiti ég og er fæddur í Reykjavík árið 1998. Ég hef mikinn áhuga á grafískri hönnun, en ég stundaði nám á grafískri hönnunarbraut við Borgarholtsskóla. Einnig starfaði ég um tíma við silkiprentun hjá Batik vörumerkingum. Áhugasvið mitt nær alveg frá ljósmyndun yfir í myndlist, en einnig bý ég til plaköt og lógó fyrir ýmis tilefni og notast þá við forritið Adobe Illustrator. Dvöl mín í Lýðháskólanum á Flateyri hefur verið mjög lærdómsrík, en ég hef til dæmis lært að vinna úr og framkvæma hugmyndir.

Ójón heiti ég og er tvítugur. Ég hef mikinn bakgrunn í listum af alls kyns tagi, en ég kláraði leiklistarbraut Fjölbrotaskólans í Garðabæ vorið 2018. Í dvöl minni við Lýðháskólann á Flateyri hef ég uppgötvað alls kyns fleiri hæfileika eins og myndlist, ljósmyndun og hljóðlist. Einnig sem ég ljóð í frítíma mínum.

Ég heiti **Mekkín** og er tuttugu og tveggja ára gömul. Árið 2017 útskrifaðist ég frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, en einnig stundaði ég nám við Verkmenntaskóla Austurlands. Þar tók ég meðal annars kvikmyndagerðaráfanga þar sem gerðar voru stuttmyndir og myndbandstengd list (e. visuals). Ég hef mikinn áhuga á að vinna í forritinu Adobe Photoshop og hef mjög gaman af MS Paint-list. Í Lýðháskólanum á Flateyri uppgötvaði ég leynda hæfileika eins og ljósmyndun. Einnig er gaman að minnst á að kann að þrjóna sokka og hef smíðað rafbassa.

Ég heiti **Viktor Páll** og er 19 ára stúdent úr Kvennaskólanum í Reykjavík. Í haust stefni ég á nám í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. Áhugasvið mitt í listum liggur víða og hef ég gaman af hönnun, myndlist og ljósmyndun, svo dæmi sé tekið.

